

MENNING

Magnaður skáldskapur

TÓNLIST

Norræna húsið


Píanótónleikar

Verk eftir Gunnar Andreas Kristinsson, Béla Bartók, Lasse Thoresen, Harald Sæverud, Igor Stravinsky og Dimitri Shostakovich. Mánudagur 10. júlí.

GUNNAR Andreas Kristinsson er hæfileikaríkt tónskáld sem átti tvö verk á tónleikum norska píanóleikarans Joachim Kjelsaas Kwetzinsky í Norræna húsinu á mánudagskvöldið. Verkin hétu Cycles og Fagurt er í Fjörðum og voru bæði athyglisverð, sérstaklega hið síðarnefnda. Þar vann Gunnar með hendingar úr samnefndu þjóðlagi og skapaði úr þeim skýrt afmarkaða fleti sem samsvöruðu sér ákaflega vel. Dramatískar andstæður tónlistarinnar voru sérlega áhrifamiklar, framvindan spennandi og andrúmsloftið heillandi dulúðugt. Útkoman var magnaður skáldskapur sem erfitt er að skilgreina en var engu að síður auðfundinn.

Cycles var mun minna að sniðum; þar gat að heyra stef- og hrynbrot sem endurtóku sig aftur og aftur án þess að tónlistin tæki teljandi breytingum og var hún skemmtilega hnitmiðuð.

Helst mátti gagnrýna báðar tónsmíðarnar fyrir að vera dálítið „óþímanískar“; Gunnar nýtti hljómræna möguleika píanósins ekki að neinu ráði; rithátturinn var fremur nakinn, nánast þurr. Sérstaklega stakk í eyrun þegar sömu hendingarnar í Fagurt voru leiknar efst í diskanti og neðst í bassa án þess að þær væru litadar á einhvern hátt með hljóðum. Rödd píanósins var of einsleit til að það kæmi almennilega út; hugsanlega myndi verkið njóta sín betur ef það væri útsett fyrir orgel, sem býr yfir fleiri litbrigðum, eða hreinlega fyrir hljómsveit.



Píanósninglingurinn ungi frá Noregi, Joachim Kjelsaas Kwetzinsky.

Hin tónskáldin á efnisskránni nýttu meira möguleika hljóðfærinsis, hvort sem það var Bartók, Stravinsky eða Shostakovich. Jafnvel Solspill (1983) eftir Lasse Thoresen, sem var mínímalískt að sniðum, var „píanólegra“ en tónlist Gunnars. Glitrandi stefbrot efst í diskantinum ómuðu unaðslega með matta en merkingarþrungna hljóma í bakgrunninum og var stemningin gripandi.

Almennt talað voru þetta áhuga-verðir tónleikar; efnisskráin var óvenju spennandi (nánast öll frá 20. og 21. öldinni), t.d. var píanósónata Stravinskys kærkomin, en hún er sjaldan flutt hérlandis. Kwetzinsky lék verkið glæsilega og túlkaði það af tilfinningalegri fjarlægð. Það var við hæfi því Stravinsky sagði að tónlistin tjáði í sjálfu sér ekki nokkurn skapadán hlut, hún væri fyrst og fremst skipulag og samhefing hljóða og hrynjandi; öll merking sem hefði verið lögð í hana væri blekking. Sem er auðvitað alveg rétt, en hinsvegar

verður hrynjandi, tónhæð, yfirtónar og annað í tónlist auðveldlega að myndlíkingu fyrir ýmiskonar mannlega reynslu án þess að tónlistin segi frá henni á beinan hátt. Kwetzinsky gætti sín þó að reyna aldrei að búa til neitt úr tónlist Stravinskys; verkið naut sín fyrst og fremst sem þaulskipulagt, ískalt tónamynstur og var verulega gaman á að hlýða.

Hinsvegar var stígandin í tveimur prelúdíum og fúgum eftir annað tónskáld, Shostakovich, áhrifarík myndlíking fyrir óheftar tilfinningar. Kraftmikill, óhaminn píanóleikurinn magnaði áhrifin upp úr öllu valdi og er sömu sögu að segja um brjálæðislega tónlist Haralds Sæveruds, Slætti og stef frá Siljustøl. Leikurinn var frábær tæknilega séð og túlkunin ofstopafull. „Barbarískt allegro“ eftir Bartók var líka frábært; þannig mætti lengi telja. Megi Kwetzinsky koma hingað aftur til tónleikahalds sem fyrst.

Jónas Sen

Hreinsun hugans og hvíld andans

MYNDLIST

Hallgrímskirkja

Ásgerður Búadóttir

Sýningin stendur til 26. ágúst.

ÞEKKT íslensk listakona sýnir nú verk í anddyri Hallgrímskirkju, Ásgerður Búadóttir myndlistarkona. Hún sýnir fjögur verk, unnin á árunum 1976 til 1991. Ásgerður Búadóttir er frumkvöðull í veflistum á Íslandi, en verk hennar eru abstrakt og um leið náttúrutengd eins og verk svo margra íslenskra málara og listamanna, hrein form íslenskrar náttúru hafa lag á að lauma sér inn í verk abstraktlistamanna, sömuleiðis litir og birta. Verkin sem Ásgerður sýnir í Hallgrímskirkju eru í jarðlitum, litirnir brúnt, appelsínugult, hvítt, grátt minna á haust, snjó, mold, eða eld og ís. Nöfn þeirra gefa til kynna að það eru ekki aðeins form náttúrunnar eða hrein form og litaspil abstraktlistar sem eru í huga listakonunnar, nöfn á borð við Dul og Kyrrð birta mikilvægi andans í samræmi við efnið. Verkið Sjö lífsfletir er síðan helgað minningu sjö fráfallinna listakvenna sem missir var að.

Prátt fyrir að vera unnin á nokkuð löngu tímabili er sterk heildarmynd í þessum verkum og þau njóta sín vel í rýminu. Ég get ímyndað mér að hið kirkjulega samhengi hafi ef til vill haft einhver áhrif á val listakonunnar á listaverkum á sýninguna, minning sjö kvenna og andleg hughrif eiga vel við í þessu umhverfi. En fyrst og fremst standa myndir Ásgerðar fyrir sínu sem hrein og tær myndverk. Ásgerður lærði og tók fyrstu skrefin á listabraitinni þegar ab-



Morgunblaðið/Golli

Verkið Ís og eldur, eftir Ásgerði Búadóttur í fordyri Hallgrímskirkju.

straktlistin og strangflatarlistin voru í hámarki í lok sjötta áratugarins og upphafi þess sjöunda, en hún hefur síðan þróað myndmál sitt, tilfinningu og efnisnotkun á persónulegan og agaðan máta þannig að efnistilfinning, litir og form eru í fullkomnu samræmi auk þess að skila hreinni heildarmynd til áhorfandans. Form náttúrunnar á borð við þríhyrning er vissulega að finna og þau leika stórt hlutverk í myndum hennar en fyrst og fremst býr í þeim það jafnvægi, sú kyrrð og þögn sem íslensk náttúra veitir á góðum degi. Þannig getur listin miðlað því besta sem náttúran hefur upp á að bjóða, hreinsað hugann og hvílt andann.

Ragna Sigurðardóttir

Hugleiðing um boðskap haturs

AF LISTUM



Jón Gunnar Ólafsson

Lynx og Lamb Gaede byrjuðu að koma fram á tónlistarhátíðum þegar þær voru einungis níu ára gamlar. Svipaða sögu hefur maður oft heyrt þegar fortíð popptónlistarmanna er kynnt í fjölmiðlum. Það kom aldrei neitt annað til greina en að vera skemmtikraftur. Sviðið kallaði og þannig var það bara. Nú, fimm árum seinna, minna Gaede-systur óneitanlega á yngri útgáfur af poppprinsessum samtímans í útliði, Christinu Aguilera, Jessicu Simpson, Britney Spears (reyndar kannski ekki alveg upp á síðkastið, en þið vitið hvað ég meina).

Þær eru tvíburar, ljóshærðar með blá augu, koma frá Bakersfield í Kaliforníufylki og hafa nú þegar gefið út tvær plötur, Fragment of the Future og The Path We Chose. Lynx spilar á fiðlu og bassa, Lamb spilar á gítar og báðar stúlurnar syngja. Fyrsta platan var frekar poppuð en líkt og margir popptónlistarmenn ákváðu þær að „þroska“ hljóminn á hinni oft erfiðu annarri plötu og fóru þá meira út í rokkið, en þar er þó að finna einhver lög um stráka og stefnumót. Orðræðan virðist smellpassa fyrir glæstan popptónlistar- og fjölmiðlaferil.

● ● ●

En, já, eitt annað í sambandi við þær systur. Þær eru kynþáttahatarar. Þvertaka fyrir að þær vilji að hvíti maðurinn stjórni hinum óæðri kynþáttum, þær einfaldlega vilji ekki sjá aðra kynþætti. Fólk sem ekki er hvítt á ekki að vera til. Fyrsta opinbera framkoma þeirra var á tónlistarhátíð nýnasista í Bandaríkjunum. Síðan þá hafa þær smátt og smátt orðið



Lynx og Lamb Gaede minna óneitanlega á yngri útgáfur af poppprinsessum samtímans.

vinsælli meðal hinna ýmsu hvítu þjóðernissinnahópa og koma nú fram á fjölda tónlistarhátíða sem eru tengdar málstað þeirra. Þær eru orðnar það vinsælar hjá þessum hópi fólks að David Duke, fyrrverandi forsetaframbjóðandi og æðsti maður Ku Klux Klan, nýtur liðsinnis Gaede-stelpnanna þegar hann vill smala saman hvítu stuðningsmönnum á hinar ýmsu stóru samkomur.

Móðir Lynx og Lamb tók þær úr skóla þegar þær voru ungar og hefur kennt þeim sjálf heima þar sem hún hefur stuðst við kennslubækur frá miðri síðustu öld. Hún hefur lengi verið virk í félagasamtökum sem vilja vernda „hvít gildi“ og hefur mikið skrifað fyrir samtökin en nú er hún sjálf að skrifa barnabók sem heitir „A er fyrir aría“. Faðir hennar er bóndi og merkir allar beljurnar sínar með hakakrossinum. Líkt og móðir þeirra og afi trúa stelpurnar ekki að helförin hafi átt sér stað og syngja mikið um ágæti Hitlers og Hess í bland við alls kyns lög um það

Þeir hafa náð til margfalt fleira fólks en Gaede-systurnar en svo virðist, nema í algjörum undantekningartilvikum, að það séu „jaðarhópar“ samfélagsins sem mótmæla þessum boðskap.6

að hvítt fólk sé frábært og best en lögin um strákana og stefnumótin fá líka að vera með. Faðir Lynx og Lamb hvarf snemma úr lífi þeirra en samkvæmt því sem móðir stelpnanna hefur haldið fram er hann íslenskur og var því að hennar sögn með ákjósanleg gen fyrir ariabörnin sem hún vildi eignast.

● ● ●

Nýlega var sjónvarpsþáttur um tvíburana sýndur á ABC-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum og horfðu um 8 milljónir á þáttinn. Í honum voru stelpurnar kynntar og þeirra viðhorf til lífsins fengu mikið pláss. Þar mátti meðal annars sjá þegar fjölskyldan sendi matvæli til fórnarlamba fellibylsins Katrínar í New Orleans en tekið var skýrt fram að sendingin væri aðeins fyrir hvítt fólk. Í framhaldi af sýningu þáttarins voru fleiri viðtöl bókðuð, meðal annars við hið áhrifamikla tímarit Teen People en það getur gert fólk að stjörnum á einni nóttu í poppransanum í Bandaríkjunum. En upphaflegi áhugi bandarísku poppkúlturfjölmiðlanna hvarf fljótt eftir að það fór að rigna inn kvörtunum til ABC. Teen People afboðaði viðtalið og það gerðu hinir fjölmiðlarnir líka. Og það voru ekki bara fjölmiðlarnir sem afboðuðu. Þær stærri tónlistarhátíðir sem ekki stíla inn á hvítu þjóðernissinnana og höfðu bókað stelpurnar neyddust til að taka þær út af dagskrá eftir metfjölda kvartana. Margir gengu svo langt að hóta

Gaede-systrunum og móður þeirra lífláti. Að sögn lögfræðings fjölskyldunnar fór hún í framhaldi í felur og ætlaði að láta lítið fyrir sér fara þar til hlutirnir myndu róast. Samkvæmt nýjustu fréttum hefur móðir Lynx og Lamb nú flutt með fjölskylduna frá Bakersfield sökum þess að henni finnst svæðið ekki nógu hvítt.

● ● ●

Þessi hörðu viðbrögð almennings í Bandaríkjunum virðast gefa það til kynna að mikill fjöldi fólks þar í landi sé ekki reiðubúinn til þess að búa í samfélagi þar sem foreldrar eitra hug barna sinna með ógeðfældum viðhorfum til annars fólks. Margir vilja greinilega ekki að skoðanir sem þessar nái fótfestu í poppkúltúr samtímans þar sem tónlistin er auðvitað mjög fyrirferðarmikil og nær til fjölda fólks, þ.á m. barna og unginga. Mál Gaede-systranna finnst mér afar athyglisvert í ljósi þess að nú í dag tróna margir tónlistarmenn á toppi vinsældalista beggja vegna Atlantshafs sem rappa um það að drepa eigi alla homma og breiða út boðskap kvenfyrirlitningar í textum sínum og myndböndum. Nú er þessum mönnum boðið á helstu tónlistarhátíðir heims þar sem þeir koma fram og sópa til sína verðlaunum. Á plötur þeirra eru oft settir litlir miðar þar sem varað er við því að textarnir séu grófir. Þeir hafa náð til margfalt fleira fólks en Gaede-systurnar en svo virðist, nema í algjörum undantekningartilvikum, að það séu „jaðarhópar“ samfélagsins sem mótmæla þessum boðskap. Tónlistarfjölmiðlar afboða ekki viðtöl í hrönnum við þessa menn fyrir það að breiða út hatur gegn hvari fólks og skipuleggjendur tónlistarhátíða bjóða þeim að stíga á svið. Af hverju hefur almenningur ekki risið upp og mótmælt þeim boðskap sem kemur fram hjá þessum mönnum líkt og hann gerði með Gaede-systur? Það finnst mér einkar áhugaverð spurning.

jongunnar@mbl.is